

Fundarnúmer:	537
Dagsetning:	14.04.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

537. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa USVH vegna styrktarsjóðs.
2. Viðræður við íprótta- og tómsfundafulltrúa.
3. Erindi Hollvinafélags Víðidalstunguheiðar.
4. Bréf Jóhannesar Björnssonar.
5. Aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúi USVH Anna María Elíasdóttir er mætt til viðræðna við byggðarráð vegna beiðni sambandsins um styrk frá sveitarsjóði til styrktarsjóðs USVH. Jafnframt fór Anna María yfir viðræður sínar við sveitarstjóra og íprótta- og tómsfundafulltrúa um kjör ípróttamanns ársins. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að fela sveitarstjóra og íprótta- og tómsfundafulltrúa að hefja viðræður við USVH um endurskoðun samnings sveitarfélagsins við USVH varðandi þessi atriði.

2. Íprótta- og tómsfundafulltrúi er mættur til viðræðna við byggðarráð varðandi notkun barna á ípróttamiðstöð og reglur um öryggismál. Íprótta- og tómsfundafulltrúi mun leggja fram tillögu um lausn málsins.

3. Lögð fram ósk Hollvinafélags Víðidalstunguheiðar um leyfi til að endurbyggja Hliðskjálfi á Víðidalstunguheiði. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um leyfi til skipulags- og umhverfisráðs.

4. Lagt fram bréf frá Jóhannesi Björnssyni vegna innheimtu rotþróargjalds. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

5. Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf. sem haldinn verður á Gauksmýri 22.apríl 2008.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:30.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.), Þ. Karl Eggertsson(sign.).
Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).